

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 25 metrar, og loftlínu heimtaugar meiri en 56 60 metrar, og (eða) gildleiki víra meiri en $3 \times 70 \text{ mm}^2$, skal húseigandi greiða kostnað 19. apríl af því, sem fram yfir er.

Ef lögð er fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal húseigandi greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hefur komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun, kr. 15.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 25.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. HEIMILD TIL GJALDSKRÁRBREYTINGAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Miðneshrepps hefur samþykkt, og gerð er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Miðneshrepps, nr. 17 7. febr. 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. apríl 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Forv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

57

5. maí

um staðfestingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt lögum nr. 35 12. febr. 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, er hér með eftir tillögum landlæknis staðfest eftirfarandi heilbrigðissamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, er bæjarstjórn kaupstaðarins hefur samþykkt.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

2. gr.

Heilbrigðisnefnd skipa fimm menn. Lögreglustjóri og héraðslæknir eru sjálfkjörnir í nefndina. Hina nefndarmenn kys bæjarstjórn til eins árs í senn, og sé a. m. k. einn þeirra úr hópi bæjarfulltrúa og annar verkfræðingur í þjónustu bæjarins. Lögreglustjóri er formaður nefndarinnar.

57

5. maí

3. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með starfsemi þeirri og stofnunum, sem samþykkt þessi fjallar um. Hún hefur gát á, að ákvæði samþykktarinnar og ákvæði almennra laga og reglugerða um heilbrigðismálefni sé haldin. Hún hefur enn fremur eftirlit með öllu því, sem varðar þrífnað, heilbrigði og hollustuhætti á samþykktar-svæðinu.

Bæjarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa eftir tillögu heilbrigðisnefndar og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Hann er starfsmaður heilbrigðisnefndar og tekur laun úr bæjarsjóði.

4. gr.

Formaður kveður heilbrigðisnefnd til fundar, venjulega einu sinni í mánuði eða oftar, ef þurfa þykir. Þá skal kveðja nefndina til fundar, þegar héraðslæknir eða tveir nefndarmenn óska. Heilbrigðisfulltrúi skal sitja fundi nefndarinnar.

5. gr.

Heilbrigðisnefnd lætur skrá fundargerðir. Endurrit af þeim skulu send bæjarstjórn.

Nefndin kys fundarritara.

Formaður annast um, að fyrirmælum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur þó neitað að framkvæma ályktanir hennar, og skal þá tafarlaust skjóta málinu til bæjarstjórnar. Ályktun bæjarstjórnar um slík ágreiningsefni má skjóta til heilbrigðismálaráðuneytisins.

6. gr.

Rétt er, að kvartanir, kærur og önnur erindi til heilbrigðisnefndar séu send heilbrigðisfulltrúa.

7. gr.

Heilbrigðisnefnd skal heimilt að rannsaka eða láta rannsaka allt það, sem samþykkt þessi fjallar um, svo og annað það, er hún telur varða heilbrigði manna eða þrífnaðarháttu, hvort heldur er á almannafæri eða hjá einstaklingum, utan-húss eða innan.

Ályktanir og fyrirmæli nefndarinnar skulu að jafnaði tilkynnt skriflega þeim, sem þau varða, enda sé þar greinilega mælt fyrir um umbætur eða ráðstafanir, sem krafizt er.

8. gr.

Nú telur heilbrigðisnefnd nauðsynlegar einhverjar þrífnaðar- eða heilbrigðis-ráðstafanir, sem kosta fé úr bæjarsjóði, og skal hún þá leggja það mál fyrir bæjarstjórn. Þó getur nefndin á eindæmi sitt látið gera umbætur, sem ekki þola bið, en leita skal þá samþykkis bæjarstjórnar, svo fljótt sem verða má.

Ágreiningi milli heilbrigðisnefndar og bæjarstjórnar um heilbrigðismálefni má skjóta til heilbrigðismálaráðuneytisins.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrífnað á lóðum, lendum o. fl.

9. gr.

Lóðareigendum er skylt að girða lóðir sínar sæmilegum girðingum og halda þeim við, enda skal girðingum svo háttáð, að rottur og mýs geti ekki falizt í þeim. Lóðareigendum er skylt að halda lóðum sínum hreinum og þríflegum, þ. á m. rústum.

Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað lóðareigendum umbætur á lóðum og girð-
ingum í þrifnaðarskyni eftir þörfum. 57

5. maí

Á vori hverju gengst heilbrigðisnefnd fyrir almennri vorhreinsun utan dyra
í kaupstaðnum. Skal lóðareigendum þá skylt að annast á sinn kostnað, eftir fyrir-
mælum nefndarinnar, þrif á lóðum sínum og lendum og hafa lokið því innan hæfi-
legs frests, er nefndin setur.

10. gr.

Eigi má fleygja ösku, sorpi, hræjum, fiskúrgangi, matarleifum, slori, rusli
eða öðru því, er valdið getur óheilnæmi, óþef, óþrifnaði eða órþrýði, á lóð annars
manns, í höfnina, í fjöruna eða annars staðar á almannafæri, né skilja slíkt þar
eftir eða valda því, að það berist þangað. Í ræsi má engu fleygja, er valdið geti
stíflu.

Hver, sem brýtur ákvæði þessi, er skyldur að bæta tafarlaust úr á sinn kostnað.

11. gr.

Áburð og annað þess háttar, sem óþef getur lagt af eða veldur óþrifnaði, skal
flytja í vel þéttum vögnum eða þannig umbúið, að það geti eigi runnið niður,
hrunið, fokið eða sletzt við flutninginn.

Ef eitthvað slíkt slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutning, skal
sá, er flytur eða flutningi ræður, skyldur að hreinsa það upp þegar í stað.

12. gr.

Á hús eða girðingar, sem vita að almannafæri, má ekki hengja eða festa á annan
hátt fiskiföng né annað, sem óþef getur lagt af eða óþrifnaði valdið.

Á tún eða í garða, sem liggja nærri almannafæri, má ekki bera fiskúrgang né
neinn þann áburð, sem megnan þef leggur af. Ákvæði þetta tekur þó ekki til hrossa-
taðs, sauðataðs eða kúamykju. Bannað er að bera salernisáburð í matjurtagarða.

Götur bæjarins, torg, hafnarbakka, fjörur, ræsi og annað því um líkt skal
hreinsa á kostnað bæjarins, svo oft sem heilbrigðisnefndur þykir þurfa.

Bæjarstjórn lætur koma fyrir kórnum eða kössum undir rusl á torgum, götum
eða öðrum þeim stöðum, er heilbrigðisnefnd ákveður.

III. KAFLI

Um vatnsveitu, vatnsból og frárennsli.

13. gr.

Öll hús á samþykktarsvæðinu skulu taka neyzzuvatn úr vatnsveitu bæjarins,
eftir því sem staðhættir leyfa.

14. gr.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsbólum og vatnsveitu bæjarins um
hollustuháttu. Hún lætur rannsaka neyzzuvatnið, svo oft sem þurfa þykir. Hún getur
bannað að nota vatn úr vatnsbólum eða látið loka þeim, ef henni þykir nauðsyn
til bera.

15. gr.

Þar sem holræsi er í götu, skal húseigandi leggja nægilega við og hallandi hol-
ræsi frá húsi sínu út í göturæsið. Skal leiða þangað allt skolp og regnvatn frá
húsinu. Húseigandi skal sjá um hreinsun á ræsum þeim, er ganga frá húsinu, og
gæta þess, að frárennsli í þeim stíflist ekki.

57

16. gr.

5. maí Þar sem skolpi verður ekki veitt í götuholræsi, skal veita því burt í vatnsheldum holræsum, samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

17. gr.

Þar, sem við verður komið, skal leggja öll skolpræsi til sjávar, og skulu þau ná út fyrir stórstraumsfjöruborð. Heilbrigðisnefnd hefur íhlutunarrétt um, hvar skolpræsi eru lögð til sjávar.

18. gr.

Eigi má tengja holræsi frá húsum við holræsakerfi bæjarins nema bæjarverkfræðingur eða trúnaðarmenn hans hafi eftirlit með tengingunni og fyrirsögn þeirra sé hlýtt.

IV. KAFLI

Um salerni, sorpílát o. fl.

19. gr.

Á samþykktarsvæðinu skulu eingöngu notuð vantssalerni, enda nái holræsakerfi til hússins. Ákvæði þetta tekur þó ekki til salerna, sem verkamenn nota við útvinnu, enda megi þau eða önnur utanhússalerni ekki vera nær vatnsbóli en 15 m.

Almenningssalerni skulu gerð eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar og háð eftirliti hennar.

20. gr.

Hverju húsi skulu fylgja nægilega mörg sorpílát úr málm. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið stærð þeirra og gerð. Skulu þau jafnan vera lokuð, nema meðan þau eru tæmd eða í þau látið. Í sorpílát þessi skal láta allt sorp, ösku og rusl úr húsinu og af lóðinni. Skulu ílátin tæmd a. m. k. vikulega. Bæjarstjórn lætur annast tæmingu og brottflutning sorpsins. Við hann skulu notaðir lokaðir vagnar. Bæjarstjórn getur og ákveðið að láta flytja sorpílatin sjálf á tæmingarstað, án þess að úr þeim sé steypt í vagna, ef hún telur það hentugra. Bæjarstjórn getur og ákveðið að leggja til sorpílát, enda má þá aðeins nota þau ílát. Greiðir húseigandi þá árlegt gjald fyrir hvert ílát eftir gjaldskrá, er bæjarstjórn semur og ráðherra staðfestir.

21. gr.

Heilbrigðisnefnd ákveður, í samráði við bæjarráð, hvert flytja skuli sorp. Skal þannig gengið frá því svæði, að ekki geti óþrifnaður borizt þaðan til mannabyggða.

V. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

22. gr.

Um stærð og loftrými íbúðarherbergja fer eftir ákvæðum byggingarsamþykktar.

23. gr.

Hverri íbúð skal fylgja:

1. Forstofa eða annað slíkt húsrými.
2. Vatnssalerni eða aðgangur að því í húsinu.
3. Baðklefi með baðtækjum, a. m. k. fyrir steypið.
4. Þvottahús eða aðgangur að því í húsinu.

24. gr.

57

Um íbúðir eða íbúðarherbergi í kjöllumur fer eftir almennum lögum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, sbr. lög nr. 57 14. júní 1929, svo og eftir ákvæðum byggingarsamþykktar. Heilbrigðisnefnd úrskurðar hverju sinni um nothæfi kjallara-herbergja til íbúðar.

25. gr.

Heilbrigðisfulltrúi og heilbrigðisnefnd skulu hafa sérstaka gát á þeim íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ástæða er til að ætla, að fullnægi ekki nauðsynlegum heilbrigðiskröfum. Getur heilbrigðisnefnd krafist viðgerða á íbúðum og íbúðarherbergjum, sem ábótavant er, og bannað þau híbýli, sem hún telur óhæf til íbúðar að einhverju leyti eða öllu. Ef gallar eru ekki bættir innan tiltekins tíma, skal með þriggja mánaða fyrirvara senda skriflega tilkynningu um bannið til húseiganda og leigjanda hversrar íbúðar (íbúðarherbergis), enda skal miðað við 14. maí eða 1. október næst á eftir, nema svo bráðra aðgerða sé þörf, að framkvæmdir megji ekki dragast.

26. gr.

Nú býr húseigandi ekki í kaupstaðnum, og skal hann þá hafa þar umboðsmann, sem heilbrigðisnefnd geti snúið sér til, ef þörf gerist.

VI. KAFLI

Um veggjalús, kakalaka, rottur og önnur meindýr.

27. gr.

Húsráðendum er skylt að tilkynna heilbrigðisfulltrúa, ef vart verður veggjalúsar, kakalaka eða annarra þess háttar óprifa í húsum þeirra eða híbýlum.

Óheimilt er að leigja íbúð eða íbúðarherbergi í húsi, þar sem slíkra óprifa verður vart, fyrr en óprifunum hefur verið eytt.

Enginn má flytja sig eða búslóð sína úr þess háttar híbýlum og í önnur, nema ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd metur gildar, séu gerðar til þess, að óprifin berist ekki með honum.

Skylt er húsráðanda að gera ráðstafanir til að eyða veggjalús og öðrum þess háttar óprifum úr húsum sínum og hlíta um það fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

Nú vanrækir húsráðandi að gera slíkar ráðstafanir innan þess frests, sem honum er settur af heilbrigðisnefnd, og er þá nefndinni heimilt að láta framkvæma ráðstafanirnar á kostnað aðila, einnig sæti hann sektum samkv. 118. gr.

Rottu- og músagang í húsum, eða á lóðum, skal ætíð tilkynna heilbrigðisfulltrúa, og gerir hann þá ráðstafanir til úrbóta, eftir því sem föng eru á.

Heilbrigðisnefnd getur heimtað af húseigendum endurbætur á húsum, er miða að því að gera þau rottuheld.

28. gr.

Skylt er uppboðshaldara, fornsala eða öðrum, sem tekur notaðan fatnað, rúm-fatnað eða þess háttar varning til sölu, að láta dauðhreinsa hann á þann hátt, er heilbrigðisfulltrúi mælir fyrir um.

57

5. maí

VII. KAFLI

Um gripahús, áburðargeymslu og geymslu húsdýra.

29. gr.

Ekki má reisa ný peningshús eða áburðargeymslur eða láta fara fram meiri háttar viðgerð á slíku mannvirki á samþykktarsvæðinu, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til.

30. gr.

Búpening má ekki hafa í íbúðarhúsi. Ef peningshús eru byggð áföst við íbúðarhús á býlum utan við bæinn, skulu þau vera nægilega vel einangruð frá íbúðarhúsinu að dómi heilbrigðisnefndar.

Þau skulu vera rúmgóð, björt og loftgóð og þannig gerð, að auðvelt sé að þrifa þau. Gólf og flór skal gera úr steinsteypu.

Ekkert peninghús má reisa nær vatnsbóli en 15 m, enda halli ekki að því frá peningshúsinu.

31. gr.

Bann er lagt við opnum forum og áburðarhaugum á samþykktarsvæðinu. Allur áburður skal geymdur í áburðarhúsum eða safngryfjum. Skal þannig um húið, að ekki geti borizt frá þeim ódaunn eða óhreinindi og þau séu hættulaus mönnum og skepnum.

32. gr.

Ef annar búpeningur en kýr er hafður í fjósi, skal hver tegund gripa vandlega afkróuð.

Alifugla og svín má ekki hafa í fjósi, en skulu höfð á afgirtum svæðum.

Ekki má nota fjós fyrir salerni.

Ekki má hafa loðdýrabú á samþykktarsvæðinu, nema leyfi heilbrigðisnefndar komi til.

33. gr.

Búfé má ekki ganga laust á götum bæjarins, nema gæzlumaður fylgi.

34. gr.

Hundahald er bannað, að undanteknum þarfahundum í sambandi við kvik-fjárrækt.

VIII. KAFLI

Um vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks.

35. gr.

Um vinnustöðvar iðnaðar og verkafólks, þar með taldar verbúðir, verkamannaskýli o. þ. u. l., og tilhögun á þeim um þrífnað og heilbrigðis- og hollustuhætti, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um þau efni (sbr. lög nr. 23 1. febr. 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og reglugerðir, sem settar verða samkvæmt 12. gr. þeirra laga). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 36. og 37. gr.

36. gr.

Þeir, sem hafa með höndum, þegar samþykkt þessi gengur í gildi, iðju eða iðnað eða annan atvinnurekstur á sérstökum vinnustöðum, sem um ræðir í 35. gr., skulu þegar í stað tilkynna það heilbrigðisnefnd og láta jafnframt í té nákvæma lýsingu á hlutaðeigandi vinnustöð og allri tilhögun þar. Getur heilbrigðisnefnd

krafizt lagfæringar á því, sem á skortir, að fyrirskipuðum reglum sé fullnægt, og 57
veitir til þess hæfilegan frest.

5. maí

Enginn má taka húsnæði til iðju- eða iðnrekstrar, nema heilbrigðisnefnd sam-
þykki.

37. gr.

Heilbrigðisnefnd skal skrá allar vinnustöðvar iðnaðar- og verkafólks á sam-
þykktarsvæðinu og annast um, að skoðun á þeim fari fram, þegar henni þurfa
þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári á hverri stöð.

Heilbrigðisfulltrúi skal jafnan fylgjast með skoðunarmanni ríkisins, er hann
gerir aðalskoðun á verksmiðjum, verkstæðum og öðrum vinnustöðvum í umdæm-
inu, og árita skoðunargerðina ásamt honum.

IX. KAFLI

Um skrifstofur, lesstofur og verzlunarbúðir, sem ekki lúta
sérstökum fyrirmælum í samþykkt þessari.

38. gr.

Ekkert húsnæði má nota fyrir skrifstofu, lesstofu, afgreiðslustofu eða verzl-
unarbúð, nema hæð þess undir loft sé a. m. k. 2.5 m, enda skal engum starfsmanni
ætlað minna en 10 rúmmetra loftrúm.

Heilbrigðisnefnd getur ákveðið meira loftrými, þar sem gert er ráð fyrir mikilli
aðsókn aðkomufólks.

Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu, hita og birtu.

Skal ljósflötur glugga á útvegg ekki minni en $\frac{1}{8}$ gólfplatnar. Þegar unnið er við
annað ljós en dagsljós, getur heilbrigðisnefnd sett sérstök ákvæði um fyrirkomu-
lag og ljósmagn til tryggingar því, að hver starfsmaður fái hæfilega mikla og holla
birtu.

Gólf skulu lögð gólfduk eða öðru því efni, sem telja má jafnauðvelt að halda
hreinu. Skulu þau þvegin daglega utan vinnutíma.

Þurrka skal iðulega af öllum húgögnum, áhöldum, gluggakistum, búðarhill-
um og þess konar og ryksjúga áklæði, vefnaðarvörustranga o. þ. u. l.

Starfsfólk skal eiga greiðan aðgang að salernum og handlaugum.

X. KAFLI

Um geymslu söluvarnings.

39. gr.

Heilbrigðisnefnd segir fyrir um geymslu á vörum, einkum neyzluvörum, og
um húsnæði, þar sem slíkar vörur eru geymdar.

Getur hún ákveðið endurbætur, lagfæringar og hreinsun á geymuhúsi og kveðið
á um meðferð vörunnar.

40. gr.

Geymslur skulu vera vel loftræstar, rakalausar, rottuheldar og þrífalega um-
gengnar.

41. gr.

Nú verður í slíkum geymslum eða í vörum vart einhverra lifandi óþrifa, og
skal þá tafarlaust tilkynna það heilbrigðisfulltrúa, sem gerir ráðstafanir til að
eyða þeim, enda getur nefndin bannað að nota húsnæðið, þangað til svo hefur
verið gert.

Vanræksla tilkynninga varðar sektum samkv. 118. gr.

57

5. maí

XI. KAFLI

Um skóla og aðra kennslustaði.

42. gr.

Um skólahúsnæði og heilbrigðiseftirlit með skólum, fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 55. gr. laga nr. 34 1946 um fræðslu barna, og reglur, sem settar kunna að verða samkvæmt þeirri grein, og 9. gr. berklavarnarlaga nr. 66 31. des. 1939). Enn fremur skal gætt fyrir-mæla 43. og 44. gr.

43. gr.

Ræsting á kennslustofum skal fara fram daglega utan skólatíma, og skulu gólf, borð, bekkir, gluggakistur o. s. frv. rækilega þvegin, en ekki sópuð.

44. gr.

Skóla eða kennslustofu má ekki hafa til annars en kennslu, nema heilbrigðis-nefnd leyfi, enda sé þá fylgt fyrirmælum hennar og kröfum um ræstingu eftir á.

XII. KAFLI

Um kirkjur og almenn samkomuhús.

45. gr.

Kirkjur og almenn samkomuhús skulu vera hæfilega hituð og loftræsting svo fullkomin, að andrúmsloft haldist sem hreinast. Veggir, gólf og sæti skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Þvottur og önnur nauðsynleg hreingerning skal framkvæmd eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

46. gr.

Gestum skal sjá fyrir greiðum aðgangi að handlaugum, rennandi drykkjarvatni, nægilega mörgum vatnssalernum og þvagstæðum. Salerni fyrir karla og konur skulu aðgreind.

XIII. KAFLI

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru.

A. Almenn ákvæði.

47. gr.

Um meðferð matvæla og annarrar neyzluvöru fer eftir almennum lögum og reglugerðum, sem á hverjum tíma gilda um það efni, (sbr. lög nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, og reglugerð nr. 49. 15. júlí 1936, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum og reglugerð nr. 17 22. febr. 1939, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu-og nauðsynjavörum).

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

48. gr.

Um meðferð mjólkurvara fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 47. gr. og reglugerð nr. 157 4. sept. 1953 um mjólk og mjólkurvörur og reglugerð nr. 57 12. marz 1941 um framleiðslu og sölu á rjómaís). Enn fremur skal gæta fyrirmæla 49. gr.

49. gr.

57

Mjólk og mjólkurvörur má aðeins selja í búðum, sem heilbrigðisnefnd viður- 5. maí kennir.

Í mjólkurbúðum má aðeins hafa á boðstólum og fara með gerilsneydda mjólk. Hins vegar má heilbrigðisnefnd leyfa sölu á ógerilsneyddri mjólk milliliðalaust frá framleiðendum til neytenda á samþykktarsvæðinu, enda uppfylli framleiðandi öll skilyrði, sem sett eru í lögum og reglum, sbr. 48. gr. Aldrei má mjólk sú, sem á þennan hátt er seld, vera sambland mjólkur frá tveim eða fleirum framleiðendum (heimilum). Einnig er heimilt að selja mjólk og mjólkurvörur í matsölu- og veitingahúsum til neyzlu þar. Á slíkum stöðum má þó aðeins selja gerilsneydda mjólk.

Eigi má selja mjólk eða mjólkurvörur á götum úti nema með leyfi heilbrigðisnefndar.

C. Um brauðgerðarhús, brauðbúðir, heimabakstur o. fl.

50. gr.

Um brauðgerðarhús, brauðbúðir og bakstur fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 47. gr.), umfram það, sem hér verður greint.

51. gr.

Brauðgerðarhús, bökunarofnar og önnur tæki til brauðgerðar skulu að gerð og fyrirkomulagi háð samþykki heilbrigðisnefndar.

Deig má ekki hnoða með öðru en höndum eða þar til gerðum vélum. Í vinnustofum er öll tóbaksneyzla óheimil.

Brauðgerðarmenn skulu við vinnu sína bera hvítar, hreinar yfirhafnir og hvítar húfur og gæta ýtrasta hreinlætis í hvivetna.

Fólk, sem haldið er næmum sjúkdómum, eða er frá heimilum, þar sem næmir sjúkdómar eru, má ekki starfa við brauðgerð eða í brauðbúðum. Starfsfólk brauðgerðarhúsa eða brauðbúða skal hafa heilt og ósjúkt hörund. Því er skylt að sýna heilbrigðiseftirlitsmönnum heilbrigðisvottorð, þegar þess er krafist.

Gólf skal hreinsa daglega, og veggj og loft skal mála eða kalka einu sinni á ári.

52. gr.

Í brauðbúðir skal inngangur vera beint af götu.

Á afgreiðsluborðum má aldrei geyma umbúðalausa vöru, nema í luktum skápum. Brauð skulu jafnan geymd og afhent í hreinum pappir eða öðrum þvílíkum umbúðum.

Afgreiðslufólk í brauðbúðum skal forðast að handfjatla vöruna, enda skal nota við afgreiðslu á kökum og öðru þess háttar þar til gerða spaða eða tengur. Aðrar brauðvörur skulu geymdar í lokuðum skápum.

Hillur, skápar og borð skulu ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til geymslu og sýningar á vörum, og skulu hillur vera eigi minna en 1 cm frá vegg.

53. gr.

Vöru, sem seld er í brauðbúð, má ekki neyta þar inni, nema húsnaði sé sérstaklega til þess gert og annar útbúnaður við hæfi, enda komi þá sérstakt leyfi heilbrigðisnefndar til.

54. gr.

Heimabakaðar brauðvörur má því aðeins selja, að heilbrigðisnefnd hafi áður veitt leyfi til þess, enda sé fyrirmælum hennar hlýtt um húsakynni, þrífnað og annað, er hún telur máli skipta.

57

5. maí

Brauðvörur má aldrei hafa á boðstólum á götum úti eða torgum, né ganga með þær milli húsa í framboðsskyni.

55. gr.

D. Um meðferð og sölu kjötvöru.

56. gr.

Um slátrun og meðferð og sölu kjötvöru og sláturs fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. 47. gr., svo og lög nr. 5 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl., auglýsingu nr. 185 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr kjöti og reglug. nr. 155 8. sept. 1949 um kjötmat o. fl.). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 57. og 58. gr.

57. gr.

Kjötbúðir skulu þannig gerðar, að ljósflötur glugga sé ekki minni en tíundi hluti gólfplatar. Séð skal fyrir sérstakri loftræstingu auk glugga á hjörum. Gólf skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildu efni, að dómi heilbrigðisnefndar. Rás skal vera úr gólfi niður í skolpræsi. Veggir skulu lagðir flisum eða glerjaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi annað. Flisar eða glerjun skal ná a. m. k. 1.8 m frá gólfi. Inngangur skal vera í búðina beint frá götu.

Um hillur og skápa fer eftir 52. gr. Búðarborð skulu þannig gerð, að botn þeirra sé a. m. k. 15 cm frá gólfi. Þau skulu lögð gleri, marmara eða öðru því efni, er heilbrigðisnefnd telur jafngilt.

Ekki má geyma umbúðarlausar vörur á afgreiðsluborði, nema á fremri brún þess sé nægilega há brík úr gleri eða öðru efni til varnar því, að við vörunni sé snert eða andað á hana. Kjötbúðir skulu vera óupphitaðar.

Krókar eða stengur, sem ætlaðar eru til að hengja kjöt á, skulu vera úr gljáðum málm eða hreinlegu efni og ekki nær vegg en svo, að kjöt það, sem þar hangir, snerti ekki vegg. Þar sem ekki eru sérstakar vélar til kjötskurðar, skulu fjalhöggar vera úr hörðum viði.

Kjöt skal jafnan haft á hreinum hillum, borðum eða grindum, en aldrei á gólfi. Umbúðalausar vörur, sem neyta má án frekari matreiðslu, skulu geymdar í glerskáp.

58. gr.

Hverri kjötbúð skal fylgja nægilega stór geymsluklefi með vatnsleiðslu, kæliklefi og kælikápur.

Geymsluklefinn skal gerður líkt og sölubúðin að öðru leyti en því, að veggir þurfa ekki að vera flísalagðir.

Úr kæli Rúmi má ekki vera rás niður í skolpræsi. Um starfsfólk kjötbúða gilda ákvæði 51. gr.

Í kjötbúðum má selja nýjan og reyktan lax og silung, síld, fiskfars, niðursuðuvörur, feitmeti, áskurð, osta, egg, harðfisk, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðrar matvörur, er heilbrigðisnefnd leyfir. Jafnan sé þess gætt, að vörurnar snerti ekki aðrar óvarðar vörur.

E. Um meðferð og sölu fisks.

59. gr.

Um meðferð og sölu fisks fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um það efni (sbr. 47. gr., svo og auglýsingu nr. 186 22. nóv. 1940, um nokkrar vörur úr fiski). Enn fremur skal gætt fyrir mæla 60.—64. gr.

60. gr.

57

Aldrei má selja til mannelldis óslægðan fisk, óhreinan eða á annan hátt 5. maí skemmdan.

Ekki má selja fisk, ef hann hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur var liðinn, frá því að hann veiddist.

Þó er heimilt að selja óslægðar þær fisktegundir, sem venju samkvæmt eru seldar þannig, svo sem hrognkelsi.

61. gr.

Í fiskverkunarhúsum skulu vera steinsteypt gólf með niðurfallsopi, einu eða fleirum, og hallist gólfið að þeim. Veggir skulu kalkaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun. Vatnsleiðsla skal vera um allt húsið.

Fiskhjalla til þurrkunar á skreið má ekki setja upp nær íbúðarhúsnæði en 500 m, nema samþykki heilbrigðisnefndar komi til.

62. gr.

Aldrei má leggja fisk á götur, gangstéttir eða bryggjur, nema breitt sé undir hann. Fisk, sem fluttur er landveg til bæjarins, má ekki selja til mannelldis, nema hann sé fluttur slægður og í kössum, sem taka mest 50 kg.

Heilagfiski og skötu þarf þó ekki að flytja í kössum, en flytja skal það þá í heilu lagi. Breitt skal yfir fisk í flutningi.

63. gr.

Í fiskbúðum má ljósflötur glugga ekki vera minni en $\frac{1}{10}$ gólfafatar. Þar skal vera vatnsleiðsla, góð loftræsting og vatnshelt gólf, en rás úr gólfinu í skolpræsi.

Fiskur, sem hafður er á boðstólum, skal vera í trogum eða kössum. Aldrei má leggja fisk á gólf, og ýtrasta hreinlætis skal gætt í hvívetna.

Í fiskbúðum er einnig heimilt að selja niðursuðuvörur, sjófugla, hval, sel og harðfisk, svo og aðrar matvörur, sem heilbrigðisnefnd kann að leyfa.

64. gr.

Fisksala undir beru lofti má aðeins fara fram á þeim stöðum, sem bæjarstjórn ákveður, og samkvæmt leyfi, er hún lætur í té. Fiskurinn skal seldur úr hreinlegum vögnum eða ílátum, sem auðvelt er að halda hreinum.

Hver fisksali skal hafa ílát með loki undir slóg og annan úrgang. Hann skal hreinsa sölustað vandlega, að lokinni sölu dag hvern.

XIV. KAFLI

Um gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

65. gr.

Um hvers konar veitingasölu og gistihúsaðald fer eftir lögum nr. 21 15. júní 1926 um veitingasölu, gistihúsaðald o. fl. með áorðnum breytingum, samkv. lögum nr. 33 13. júní 1937. Enn fremur skal gætt fyrirmæla 66.—70. gr.

66. gr.

Sá, er æskir leyfis lögreglustjóra til þess að setja á stofn eða reka gistihús, matsöluhús eða veitingastofu, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar, enda má ekki hefja rekstur slíks veitingastaðar, fyrr en heilbrigðisnefnd telur hann fullnægja þeim kröfum, sem til hans ber að gera.

57

5. maí

Herbergi, sem leigð eru til gistinga, skulu fullnægja sömu skilyrðum sem sett eru um venjuleg íbúðarherbergi. Þau mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loft-rúm komi á hvern gest og 3.4 m² gólfplötur.

Gólf í gistihúsum og veitingastofum skulu lögð gólfdukk eða öðru efni, er jafngilt sé að dómi heilbrigðisnefndar. Gólf skulu þvegin a. m. k. einu sinni á dag. Veggir og loft skulu máluð eða þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Allur sængurbúnaður skal fullnægja almennum kröfum um efni og gerð. Rúmfatnaður skal vel hirtur og laus við myglulykt eða aðra ólykt. Skipta skal um rekkjulín a. m. k. vikulega og ávallt, er nýjum gesti er vísað til sængur.

Veitingastofur skulu vera hjartar og loftgóðar og inngangur í þær greiður um anddyri.

68. gr.

Gestir og starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að fatageymslum, drykkjarvatni, nægilega mörgum handlaugum með hreinum handklæðum og sápu, salernum og baði, öllu innan húss, eftir því sem heilbrigðisnefnd telur fullnægjandi.

69. gr.

Um meðferð matar og annarrar neyzluvöru, sem framleidd er í matsölu og veitingastöðum, fer eftir almennum lögum og reglum (sbr. 47. gr.).

Eldhús skulu búin fullkomnum tækjum, til matreiðslu og uppþvottar. Bekkir, hillur, uppþvottaker, suðuáhöld, matar- og drykkjarilát og því um líkt skal heilt og þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Matar- og drykkjaráhöld skulu soðin eftir hverja notkun.

70. gr.

Starfsfólk sé ekki haldið næmum sjúkdómi, hafi heilt hörund og sé hreinlegt í klæðaburði og umgengni.

XV. KAFLI

Um baðhús, sundhús og sundstöðvar, íþróttahús og íþróttasvæði.

71. gr.

Baðhús skulu vera björt og rúmgóð, með góðri loftræstingu og nægilegum hita. Gólf og veggir í 1.8 m hæð skulu lagðir flisum eða öðru efni, er sé jafngilt að dómi heilbrigðisnefndar.

Í biðstofum og búningsklefum skal vera vel hjart, nægilega rúmgott og loft-ræsting og hiti í góðu lagi.

Biðstofur og herbergi starfsfólks eru undanþegin ákvæðum um flísalagningu. Baðker skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Um gufubaðstofur setur heilbrigðisnefnd sérstakar reglur.

72. gr.

Sundlaugar allar skulu vera steinsteyptar og vel sléttar innan.

Útisundlaug má ekki vera nær peningshúsum, safngryfjum, sorphaugum og öðru slíku en 200 m. Skal svo um búið, að vatn úr umhverfi sundlaugar geti ekki runnið í hana eða safnazt fyrir kringum hana.

73. gr.

Sundlaugarvatn skal vera hreint. Skipt skal um vatn og laugarnar hreinsaðar nægilega oft og aðrar ráðstafanir, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa, gerðar, til þess að verjast miklum gerlafjölda í vatninu.

74. gr.

Hæfilega mörg steypiböð skulu fylgja hverri sundlaug, og hver sundlaugarnotandi sápuþvo sig, áður en hann fer í laugina. Ekki má hleypa fleiri baðgestum í laugina en svo, að a. m. k. 3.5 m² af yfirborði vatnsins komi á hvern fullorðinn mann eða 1.9 m² á hvert barn.

75. gr.

Nú vita menn eða grunar, að sundlaug sé eða verði útbreiðslustaður sjúkdóms, og skal þá tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, sem gerir viðeigandi ráðstafanir, enda getur nefndin látið loka lauginni um tíma, á meðan rannsókn eða sótthreinsun fer fram.

76. gr.

Starfsfólk við baðhús og sundlaugar sé ekki haldið næmum sjúkdómi. Gæta skal það fullkomins hreinlætis og vera hreinlega til fara.

77. gr.

Búnings- og baðklefa, biðstofur, gólf og ganga skal þvo og ræsta daglega eða oftár, ef þurfa þykir.

78. gr.

Útibaðstaðir, aðrir en sundlaugar, skulu og háðir eftirliti heilbrigðisnefndar. Skal þess einkum gætt, að ekki sé hætta á, að vatnið (sjórinn) saurgist frá skolpveitum, sorpi eða þvílíku.

79. gr.

Við hverja sundlaug skulu vera tiltæk björgunartæki, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra, um kunnáttu starfsfólks, um björgun og lífgunartilrunir og um ráðstafanir til að afla skjótrar læknishjálp.

80. gr.

Íþrótt- og leikfimiðhús skulu vera björt (ljósflötur glugga a. m. k. 1/6 gólf-flater), rúmgóð og hæfilega upphituð. Séð skal fyrir nægilegri loftræstingu.

Aldrei má nota þau örar en svo, að nægilegur tími gefist til nauðsynlegrar hreinsunar og loftræstingar.

Auk æfingasala skulu vera búningsherbergi, baðherbergi og áhaldaherbergi.

81. gr.

Íþróttasvæði undir berum himni skulu þannig gerð, að þrífaleg séu og sem minnst ryk eða önnur óþríf berist frá þeim. Séð skal um hreinsun á þeim eftir þörfum. Jafnan skulu fylgja þeim búningsklefar og steypiböð.

82. gr.

Útileikvöllir barna skulu háðir eftirliti heilbrigðisnefndar, og setur hún um þá sérstakar reglur. Ekki skulu fleiri börn um hvern völl en svo, að 7 m² a. m. k. komi á hvert barn. Af leikvelli skal vera gengt beint á salerni, og séu eigi fleiri en 40 börn um hvert. Á leikvöllum skal vera drykkjarvatn, og skal vatnshanaútbúnaður þannig, að ekki þurfi að snerta hann með munni, þegar drukkið er.

83. gr.

Í öllum þeim stofnunum, sem í þessum kafla getur, eða eru í sambandi við þær, skulu vera nægilega mörg vatnssalerni, þvagstæði og þvottaskálar. Skulu salerni aðgreind fyrir konur og karla.

57

5. maí

XVI. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og snyrtistofur.

84. gr.

Hver, sem setja vill á stofn fyrirtæki þau, er í kafla þessum greinir, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd og uppfylla þau skilyrði, er hún setur um búnað og hreinlæti.

85. gr.

Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur skulu vera hjartar og rúm-góðar með nægilegri loftræstingu og upphitun. Gólf og veggir skulu þannig, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Starfsfólk og gestir skulu hafa greiðan aðgang að salernum og þvottaskálum.

86. gr.

Starfsfólk skal í hvívetna gæta hins ýtrasta hreinlætis og vera klætt hreinni, hvítri yfirhöfn. Það sé ekki haldið næmum sjúkdómi, og skal það láta lækni rannsaka heilsufar sitt a. m. k. einu sinni á ári og fá vottorð hans um.

87. gr.

Ekki má taka til meðferðar fólk, sem vitanlega er haldið næmum húðsjúkdómi, eða ástæða er til að ætla, að svo sé ástatt um.

88. gr.

Hnífa, skæri, klippur, greiður, burstar og önnur slík áhöld skal vandlega hreinsa eftir hverja notkun. Ætíð skal nota hreina dúka og hrein handklæði við hvern gest, og á höfuðbrík stóla skal jafnan vera pappír, er endurnýist eftir hvern gest.

XVII. KAFLI

Um sjúkrahús, lækningastofur og aðrar heilbrigðisstofnanir.

89. gr.

Um sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir og búnað þeirra fer eftir almennum lögum og reglum, sem á hverjum tíma gildi um það efni (sbr. l. nr. 93 31. desember 1953). Enn fremur skal gætt fyrirmæla 90.—94. gr.

90. gr.

Sá, er óskar leyfis ráðherra til að setja á stofn eða reka sjúkrahús eða aðra heilbrigðisstofnun, skal hafa til þess meðmæli heilbrigðisnefndar, enda má ekki hefja rekstur slíkrar stofnunar, fyrr en heilbrigðisnefnd telur hana fullnægja þeim kröfum, sem til hennar ber að gera.

91. gr.

Vistherbergi sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana skulu vera björt og hlý, vel loftræst og rúmgóð. Séð skal fyrir nægilegum fatageymslum, salernum og hreinlætistækjum. Veggir allir og gólf skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

Ekki má þurrka þvott í vistherbergjum. Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram a. m. k. einu sinni á dag.

Um heilbrigði starfsfólks fer eftir 86. gr.

92. gr.

57

5. maí

Heilbrigðisnefnd getur í samráði við yfirlækni sjúkrahúss og lækni elliheimilis og annarra slíkra stofnana, sem ekki eru sérstök fyrirmæli um í samþykkt þessari, sett reglur um tölu sjúklinga eða vistmanna í hverju herbergi, um loftrými þeirra og önnur skipulags- og heilbrigðisatriði.

93. gr.

Biðstofur í heilbrigðisstofnunum skulu vera nægilega rúmgóðar, miðað við venjulega, áætlaða aðsókn. Í biðstofu skulu vera hæfilega mörg sæti og snagar fyrir yfirhafnir.

94. gr.

Húsnæði barnaheimilis má ekki vera í kjallara eða undir súð. Nægilega stór grasblettur eða annað þrífalegt, afgirt svæði skal fylgja heimilinu, og skal svo um búíð, að börnin geti þar notið skjóls gegn stormi og göturyki, enda má svæði þetta ekki liggja að fjölfarinni götu.

XVIII. KAFLI

Um eftirlit með skipum, bátum, bifreiðum o. fl.

95. gr.

Um eftirlit með skipum og bátum fer eftir lögum og reglum, sem á hverjum tíma gilda um það efni (sbr. l. nr. 68 5. júní 1947 og reglur nr. 11 20. jan. 1953). Enn fremur skal gætt fyrirmæla 96.—104. gr.

96. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa greiðan aðgang að skipum og bátum til eftirlits með hollustuháttum og þrífnaði.

Auk skipa og báta, sem skrásettir eru á Akureyri, skulu einnig önnur skip og bátar háðir eftirliti og fyrirmælum heilbrigðisnefndar á meðan þeir eru á samþykktarsvæðinu.

97. gr.

Eigi má flytja í skipum eða bátum sjúklinga með næma sjúkdóma, nema með ráði héraðslæknis, sem hefur um það samráð við landlækni, þegar mikið er í húfi.

Nú verður vart við í bát eða skipi veikindi eða lasleika, sem vera kann næmur sjúkdómur eða óþrífassjúkdómur, sem horizt getur manna á milli, svo sem kláði eða lús, og skal þá skipstjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það héraðslækni, enda sé fylgt fyrirmælum hans um sóttvarnir og aðrar ráðstafanir.

98. gr.

Nú verður meindýra, svo sem veggjalúsar, rottu eða kakalaka, vart í bát eða skipi, og skal þá skipstjóri eða formaður tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða heilbrigðisnefnd, er geri nauðsynlegar ráðstafanir til eyðingar meindýranna.

99. gr.

Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn og aðrir eftirlitsmenn skulu skyldir til að tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd allt, sem þeir telja athuga-vert um atriði þau, sem um ræðir í 95.—98. gr.

57

5. maí

100. gr.

Skipstjórar, formenn og útgerðarmenn bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í skipum þeirra og bátum sé hlýtt. Kyrrsetja má skip eða bát, þangað til fyrirmælum heilbrigðisnefndar hefur verið fullnægt.

101. gr.

Eftirlit heilbrigðisnefndar með bifreiðum, varðandi þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti, tekur til allra leigubifreiða og áætlunarbifreiða, sem skrásettar eru á Akureyri. Sama gildir um bifreiðar, þótt skráðar séu annars staðar, á meðan þær eru á samþykktarsvæðinu.

102. gr.

Í öllum bifreiðum, sem notaðar eru til fólksflutninga, skal ávallt gætt fyllsta þrifnaðar og hreinlætis.

Ákvæði 96. gr. taka til leigubifreiða.

103. gr.

Bifreiðarstjórar og bifreiðaeigendur bera ábyrgð á því, að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í bifreiðum þeirra sé hlýtt.

Nú óhlýðnast bifreiðastjóri eða bifreiðaeigandi fyrirmælum heilbrigðisnefndar, og má þá taka bifreið hans úr umferð, unz kröfum nefndarinnar er fullnægt.

104. gr.

Ákvæði kafla þessa taka einnig til flugvéla, sem farþega flytja, eftir því sem við getur átt.

XIX. KAFLI

Um fangelsi og vistarverur handtekinna manna.

105. gr.

Heilbrigðisnefnd sker úr um allt, er varðar hollustuhætti húsakynna samkvæmt þessum kafla.

106. gr.

Gæta skal fyllsta hreinlætis, þvo gólf daglega, á meðan klefi er í notkun, og jafnan milli mannaskipta.

Séð skal fyrir nægilegum hita og góðri loftræstingu.

107. gr.

Nú kemur í ljós, að einhver vistmanna er haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, þar með talinn kláði og lús, eða grunur leikur á um slíkt, og skal þá geyma hann einan í herbergi, enda sé héraðslækni tafarlaust gert viðvart. Um hreinsun herbergis og rúmfatnaðar eftir slíka menn skal fara eftir fyrirmælum héraðslæknis.

XX. KAFLI

Um líkgeymslur, líkhús og kirkjugarða.

108. gr.

Um kirkjugarða og meðferð líka fer eftir almennum lögum og reglum (sbr. lög nr. 64 23. júní 1932, reglug. nr. 83 25. júlí 1934, hvort tveggja um kirkjugarða, lög nr. 42 10. nóv. 1913 og reglug. nr. 24 1. apríl 1936, hvort tveggja um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum).

Um flutning líka milli sókna fer eftir ákvæðum 6. gr. laga nr. 66 19. júní 1933, 57 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, með áorðinni breytingu samkvæmt 5. maí lögum nr. 28 27. júní 1941 og ákvæðum reglugerðar nr. 159 27. sept. 1941 um flutning líka.

109. gr.

Lík má ekki geyma ókistulögð í heimahúsum lengur en þrjá sólarhringa og aldrei lengur en sjö sólarhringa, þó að kistulögð séu, nema sérstakt leyfi héraðslæknis komi til, eða þau séu í loftheldri málmkistu.

Héraðslæknir getur fyrirskipað, að lík fólks, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli þegar í stað kistulögð og flutt í líkhús.

110. gr.

Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús og kistuleggja, þegar að lokinni lögskipaðri rannsókn.

Fer að öðru leyti um meðferð þeirra samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga og reglugerðar um mannskaðaskýrslur og rannsókn á fundnum líkum.

111. gr.

Líkhús skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Loftræsting sé góð. Ef gluggar eru á líkhúsi, skulu þeir vita móti norðri. Í líkhúsum skal vera vatnsveita og handlaugar. Niðurfallsop skal vera úr gólfinu, sem halli að opinu.

Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir, og jafnan þegar í stað eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.

112. gr.

Heilbrigðisnefnd setur eftir þörfum ákvæði um bálstofu og líkbrennslu.

113. gr.

Vatnsból mega aldrei vera nær kirkjugarði á jafnsléttu eða undan brekku en 200 metra.

XXI. KAFLI

Um aðstoð við sóttvarnir.

114. gr.

Heilbrigðisnefnd skal aðstoða héraðslækni við almennar sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum (sbr. lög nr. 66 19. júní 1933, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma og almennar reglur nr. 132 31. desember 1934 um opinberar varnir gegn útbreiðslu næms sjúkdóms). Skal henni heimilt, ef hættuleg farsótt kemur upp og héraðslæknir telur nauðsynlegt, að setja um stundarsakir og eftir hans tillögum sérstök fyrirmæli um hreinlæti utan húss og innan, meðferð og dreifingu matvæla og annað, er að heilsuvernd lýtur, svo og að ráða fólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar.

XXII. KAFLI

Lokaákvæði.

115. gr.

Heilbrigðisnefnd getur veitt undanþágu frá ákvæðum samþykktar þessarar, þar sem um er að ræða ástand, sem eldra er en samþykktin, eða ríkar ástæður þykja annars til.

57

5. maí

Heilbrigðisnefnd er heimilt að gera frekari kröfur til tryggingar þrífnaði, heilbrigði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í samþykkt þessari, varðandi hvert einstakt atriði, enda séu þær kröfur í samræmi við ákvæði samþykktarinnar um hliðstæð atriði og almennt viðurkenndar þrífnaðar- og heilbrigðisreglur.

Fyrirmæli samkvæmt ákvæðum þessarar greinar birtir heilbrigðisnefnd, eftir því sem á stendur, með almennri auglýsingu eða skriflegri tilkynningu til þess eða þeirra, sem í hlut eiga.

117. gr.

Bæjarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um ráðstafanir, er varða heilbrigðismál.

118. gr.

Brot á samþykkt þessari eða óhlýðni við löglegar fyrirskipanir heilbrigðisnefndar varða sektum til bæjarsjóðs, allt að 3000.00 kr., ásamt visitöluálagningu lögum samkvæmt. Nú vanrækir maður að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur löglega fyrirskipað, eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá nefndinni heimilt að láta vinna það, sem þarf, á kostnað aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en innheimta síðan hjá aðila, ef þörf gerist með lögtaki.

119. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á samþykkt þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

120. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi jafnskjótt og hún hefur verið staðfest og birt í Stjórnartíðindum.

Fellur þá úr gildi heilbrigðissamþykkt nr. 66 15. júlí 1920, ásamt síðari breytingu á henni.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 5. maí 1955.

Ingólfur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

58

4. maí

REGLUGERÐ

barnavernd í Hafnarfirði.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar er börnum yngri en 12 ára bannað að vera á almannafæri eftir klukkan 20 að kvöldi á tímabilinu frá 20. sept. til 15. apríl og eftir klukkan 22 frá 15. apríl til 20. sept., nema í fylgd með fullorðnum.

Börn á aldrinum 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 1. apríl og ekki eftir klukkan 23 á tímabilinu frá 1. apríl til 15. sept., nema í fylgd með fullorðnum.

Foreldrum eða forráðamönnum barnanna ber að sjá um, að ákvæðum þessum sé framfylgt.